



Stjórnarráð Íslands  
Félags- og vinnu-  
markaðsráðuneytið

frn@frn.is  
545 8100

Skógarhlíð 6,  
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30  
128 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2022  
Tilv.: FRN22050095/06.25.01

Efni: Félags- og vinnumarkaðsráðherra óskar eftir tilnefningum í starfshóp um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Í byrjun árs 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra tvo starfshópa um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Annars vegar var skipaður starfshópur um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningaþarfir, sem falið var að endurskoða lögin í heild sinni og þær reglugerðir sem þeim fylgja, með áherslu á að greina þau álitaefni sem upp hafa komið við framkvæmd laganna, og skila tillögum til ráðherra. Hinsvegar var skipaður starfshópur sem falið var að vinna samantekt um raunkostnað árána 2018, 2019 og 2020 og kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Einnig var hópnum falið að leggja sérstakt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsfyrirmæla. Báðir starfshópar hafa skilað skýrslu um störf sín en skýrslurnar innihalda viðamiklar upplýsingar sem hingað til hafa ekki verið aðgengilegar um stöðu þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Skýrslurnar voru kynntar á fundi ríkisstjórnar þann 6. maí sl. Í framhaldinu samþykkti ríkisstjórnin framlagt minnisblað félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem lagt var til að félags- og vinnumarkaðsráðherra verði falið að skipa starfshóp með fulltrúum forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Starfshópnum verði falið það verkefni að móta tillögur varðandi kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Í þeirri vinnu verði horft til þeirra niðurstaða sem fram koma í framangreindri skýrslu starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020. Starfshópnum verði gert að skila tillögum til ráðherra fyrir 1. september 2022.

Hér með er óskað eftir tilnefningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í framangreindan starfshóp.

Athygli skal vakin á 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé þó heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra velur úr tilnefningum þannig að kynjaskipting verði sem jöfnust við skipun þeirrar nefndar sem hér um ræðir.

Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í starfshópnum af hálfu ráðuneytisins.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu eigi síðar en 20. maí næstkomandi, ásamt upplýsingum um kennitölur, heimilisföng og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða.

Fyrir hönd ráðherra



Gissur Pétursson



Jenný Steinarsdóttir